

Reglur um lykilstarfsmenn

Útgáfa	2.0	Dags.	03.11.2025
Tilgangur og markmið	Markmiðið er að starfsmenn séu með fullnægjandi sérfræðikunnáttu, færni og reynslu til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin.		
Umfang	Starfsmenn sem gegna lykilhlutverki.		
Gildissvið	Stjórn, stjórnendur og lykil starfsmenn.		
Ákvörðunaraðili	Stjórn		
Eigandi	Sparisjóðsstjóri		
Tilvísun/breyting	Uppfærsla		

Efnisyfirlit

1. Markmið	2
2. Lykilstarfsmenn	2
3. Hæfisskilyrði	3
4. Mat á hæfi	3
5. Viðvarandi hæfi	3
6. Vanhæfi við afgreiðslu mála	4
7. Viðskipti	4
8. Gildistaka o.fl.	4

1. Markmið

Í reglum þessum er fjallað um verklag Sparisjóðs Þingeyinga við mat á hæfi lykilstarfsmanna en gerðar eru strangar kröfur til hæfis þeirra sem gegna slíkum ábyrgðarstöðum. Markmið reglnanna að skapa traust og stuðla að trúverðugleika sjóðsins og starfsmanna hans með því að skilgreina þær kröfur. Stefnt er að tryggja að lykilstarfsmenn hafi þá færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að vinna þau verk sem þeim er falið af heilindum þannig að lágmarka megi rekstrar- og orðsporsáhættu vegna starfa þeirra.

Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, reglum nr. 247/2017 um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila og viðmiðunarreglum EBA, Assessment of the Suitability of Members of the Management Body and Key Function Holders (EBA/GL/2021/06).

2. Lykilstarfsmenn

Samkvæmt 2. gr. reglna nr. 247/2017 um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. b. laga um fjármálafyrirtæki, er lykilstarfsmaður skilgreindur sem einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu sjóðsins. Þá skilgreina viðmiðunarreglur EBA, EBA/GL/2021/06, hugtakið Lykilstarfsmaður (Key Function Holder) með eftirfarandi hætti:

***Lykilstarfsmenn** eru þeir einstaklingar sem hafa veruleg áhrif á stefnu og stjórn fjármálafyrirtækis, en eru hvorki stjórnarmenn né forstjóri (sparisjóðsstjóri).*

Til lykilstarfsmanna teljast meðal annars:

- **Yfirmenn innri eftirlitseininga**, svo sem áhættustýringar, regluvörslu (compliance) og innri endurskoðunar,
- **Fjármálastjóri (CFO)**, ef hann er ekki stjórnarmaður,
- og, að teknu mið af áhættu og umfangi starfseminnar, aðrir einstaklingar sem hafa sambærileg áhrif eða ábyrgð innan fyrirtækisins.

Aðrir lykilstarfsmenn geta til dæmis verið yfirmenn mikilvægra rekstrareininga, útibúa innan Evrópska efnahagssvæðisins eða EFTA-ríkja, dótturfyrirtækja utan EES, eða aðrir stjórnendur sem stýra mikilvægum innri einingum eða verkefnum.

Til samræmis horfir sparisjóðurinn við skilgreiningu á „lykilstarfsmanni“ til þeirra starfsmanna sem geta haft veruleg áhrif á stefnu sparisjóðsins og afkomu, eru hvorki stjórnarmenn né sparisjóðsstjóri, og stýra annaðhvort mikilvægum viðskiptaeiningum eða innri stuðnings- og eftirlitseiningum. Á þessum grundvelli teljast eftirtaldir aðilar ávallt til lykilstarfsmanna Sparisjóðs Þingeyinga:

- Skrifstofustjóri
- Þjónustustjóri

Auk reglna þessara gilda eftirfarandi sérreglur um lykilstarfsmenn:

- Takmarkanir á fyrirgreiðslum til lykilstarfsmanna og aðila í nánnum tengslum við þá, sbr. 29. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki og reglur nr. 247/2017.
- Reglur stjórnar um viðskipti við sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmenn, sbr. 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

- Takmarkanir varðandi starfslokasamninga, sbr. 57. gr. d. laga um fjármálafyrirtæki,
- Í ársreikningi skal tilgreina fjölda lykilstarfsmanna, auk upplýsinga um heildargreiðslur og hlunnindi þeirra, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

3. Hæfisskilyrði

Lykilstarfsmenn skulu uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:

- Búa yfir fullnægjandi sérfræðikunnáttu, færni og reynslu til að inna af hendi þau verkefni sem viðkomandi eru falin.
- Búa yfir viðeigandi persónulegum eiginleikum, þ.m.t. að vera heiðarleg og hugsa sjálfstætt.
- Hafa óflekkað mannorð og hafa fjárreiður í lagi.

Starf lykilstarfsmanns telst fullt starf og er óheimilt að sinna aukastörfum samhliða þeim, nema með leyfi sparisjóðsstjóra.

Við mat á því hvort umsækjandi uppfylli hæfisskilyrði skal hafa hliðsjón af viðmiðum EBA (EBA/GL/2021/06)

4. Mat á hæfi

Sparisjóðsstjóri hefur umsjón með mati á hæfi þeirra sem sækjast eftir stöðu lykilstarfsmanns, áður en viðkomandi er ráðinn.

Eftirfarandi gögn og upplýsingar skulu fylgja umsókn:

- Ferilskrá með ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsreynslu, nema um sé að ræða núverandi starfsmann sparisjóðsins.
- Upplýsingar um umsagnaraðila.
- Sakavottorð og upplýsingar sem staðfesta að viðkomandi sé ekki í vanskilum.
- Upplýsingar um hagsmunatengsl.

Umsóknarferlið:

- Sparisjóðsstjóri hefur samband við a.m.k. tvo umsagnaraðila.
- Mannauðsráðgjafi (utanaðkomandi verktaki) tekur viðtal við umsækjanda, ásamt sparisjóðsstjóra sem leggur endanlegt mat á hæfi.

Sparisjóðsstjóri sér um móttöku nýrra lykilstarfsmanna. Lykilstarfsmaður skal fá viðeigandi kynningu á starfsemi sparisjóðsins innan mánaðar frá því viðkomandi hefur störf, þ.m.t. er varðar rekstur og áhættustýringu.

5. Viðvarandi hæfi

Hæfisskilyrði gilda á meðan aðili gegnir viðkomandi stöðu.

Það er á ábyrgð viðkomandi einstaklings að viðhalda þekkingu sinni með endurmenntun sem nýtist í starfi viðkomandi.

Verði breytingar sem kunna að hafa áhrif á hæfi viðkomandi, þ.m.t. breytingar á hagsmunatengslum, ber viðkomandi að tilkynna slíkt til sparisjóðsstjóra án tafar.

Ef einstaklingur uppfyllir ekki viðeigandi hæfissskilyrði skal bæta úr því innan 6 mánaða, þar sem slíkt er unnt, en ella telst viðkomandi vanhæfur til að gegna stöðunni og verður að víkja.

6. Vanhæfi við afgreiðslu mála

Sparisjóðsstjóri og lykilstarfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála sem varða viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignahlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leiti verulegra hagsmuna að gæta. Sama gildir um þátttöku þeirra í meðferð mála sem varða aðila sem tengjast þeim persónulega eða fjárhagslega.

7. Viðskipti

Viðskipti sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmanna skulu lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptavini og skulu þeir ekki njóta sérkjara umfram það sem öðrum býðst í sambærilegum viðskiptum. Útlán skulu samræmast reglum nr. 247/2017 um fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila.

8. Gildistaka o.fl.

Reglur þessar taka gildi eftir samþykki stjórnar við birtingu þeirra. Þær skulu endurskoðaðar a.m.k. á þriggja ára fresti.

Reglur þessar skulu birtar á s-drifi, heimasíðu sparisjóðsins og kynntar starfsmönnum við gildistöku.